

Ed.

330. Frumvarp til laga

[164. mál]

um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, forráðamönnum sveitarfélaga, svo og opinberum stofnunum að semja sín í milli um að innheimt skuli í einu lagi gjöld, er greiða ber þessum aðiljum. Má fela gjaldheimtuna innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða eða sérstakri innheimtustofnun.

2. gr.

Nú takast samningar um gjaldheimtu samkvæmt 1. gr. og skal þá samið um hlutdeild hvers aðilja í kostnaði við hana til eigi skemmri tíma en eins árs í senn.

3. gr.

Allar skyldur, sem innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða og opinberra stofnana eru lagðar á herðar lögum samkvæmt, svo og allar heimildir, sem þeim eru veittar til þess að framfylgja gjaldheimtunni, skulu falla til þess aðilja, sem samkvæmt samningi tekur innheimtuna að sér.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Undanfarið hefur farið fram athugun á því á vegum fjármálaráðuneytisins, hvort sameining innheimtu á beinum sköttum til ríkissjóðs og útsvörum og fasteignagjöldum í Reykjavík myndi eigi geta haft verulegan sparnað í för með sér. Var þá og haft í huga að endurskipulagðar yrðu aðferðir við innheimtu og bókhald. Athugun þessi hefur leitt í ljós, að með þessu móti myndi mega lækka verulega kostnað við innheimtuna og hlutfallslega enn meir, ef ýmis önnur gjöld, sem sérinnheimtu hlíta, yrðu innheimt ásamt ofangreindum gjöldum.

Auk hins beina sparnaðar, sem sameiginleg gjaldheimta hefur í för með sér, er þetta fyrirkomulag til mikils hagræðis fyrir þá, sem innheimtuna hafa með höndum og launagreiðendur, sem lögum samkvæmt ber að standa skil á gjöldum starfsmanna sinna. Sama gildir þá gjaldendur, sem greiða gjöld sín beint. Þeim er mjög til hagræðis að geta greitt þau á einum stað, í flestum tilvikum með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

Með frv. þessu er farið fram á heimild Alþingis til þess að unnt sé að koma gjaldheimtunni í það horf, sem hér að framan er rakið. Er ætlunin að hefjast fyrst handa í Reykjavík, en búast má við að þetta fyrirkomulag verði upp tekið víðar á landinu, ef vel tekst til í Reykjavík.